



Fundur haldinn í æskulýðs- og tómstundanefnd Blönduóss föstudaginn 25. ágúst 2006 kl. 12,10 á bæjarskrifstofu. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Verkaskipting stjórnar.
2. Ráðning tómstundafulltrúa.
3. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. Verkaskipting stjórnar.  
Tilnefning kom um Þorgils Magnússon sem formann nefndarinnar, Rannveigu Bjarnadóttir sem varaformanns og Valgerði Gísladóttir sem ritara. Ekki komu fleiri tillögur fram og skoðast framangreind rétt kjörin.  
Tók Þorgils nú við fundarstjórn.
2. Ráðning tómstundafulltrúa.  
Skólastjóri grunnskólans, Þórhalla Guðbjartsdóttir kynnti umsóknir og tillögu um ráðningu.

Umsóknir bárust frá eftirfarandi:

Árnýju Sesselju Gísladóttir,  
Rannveigu Rós Bjarnadóttir,  
Rut Vestmann Helgadóttir og Örvari Konráðssyni  
Þórði Rafn Þórðarsyni.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, Sigríður Bjarney AAdnegard leggja til að Rannveig Rós Bjarnadóttir verði ráðin tómstundafulltrúi og fór Þórhalla yfir rökstuðning fyrir tillögunni. Að verulegum umræðum loknum samþykkti æskulýðs- og tómstundanefnd einróma að styðja tillögu skólastjórnenda um ráðningu Rannveigar. Rannveig Bjarnadóttir og Valgerður Gísladóttir véku af fundi umdir þessum lið vegna skyldleika við málið.

3. Önnur mál.  
Formaður lagði fram drög að erindisbréfi fyrir nefndina, lagt fram til kynningar. Starf nefndarinnar á almennum nótum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 13,00

Þorgils Magnússon  
Erna Björg Jónmundsdóttir  
Rannveig Bjarnadóttir  
Valgerður Gísladóttir  
Jón Örn Stefánsson  
Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri

Ragnar Ingi Tómasson

